

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2021

### **Efni: Tölulegar upplýsingar um kyrrsetningarmál**

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar hafa eftirfarandi tölulegar upplýsingar verið teknar saman um kyrrsetningarmál sem fara fram á grundvelli heimildar í lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda nr. 150/2019.

Upplýsingarnar eru settar fram annarsvegar varðandi skattaðilann sjálfan og hinsvegar um aðila sem bera ábyrgð á greiðslu skatta eða sektar skattaðilans. Farin er sú leið að vísa til skattaðilans sem aðalskuldara og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu kröfunnar sem sjálfsskuldarábyrgðaraðila.

Aðili sem ber ábyrgð á greiðslu skattaðila getur ýmist borið ábyrgð á skattgreiðslum einstaklings eða á greiðslu sektar lögaðila. Í þeim tilvikum þar sem lögaðili hefur verið tekinn til gjaldþrotaskipta þá geta komið upp tilvik þar sem að eingöngu er hægt að beina kyrrsetningu að ábyrgðarmönnum vegna væntanlegrar sektar. Það skýrir af hverju fjöldi aðalskuldara og skuldara samkvæmt sjálfsskuldarábyrgð fer ekki alltaf saman. Þá eru í mörgum tilfellum kyrrsetningarbeiðnir útbúnar vegna ábyrgðar sem þarf svo ekki að framkvæma þar sem trygging fæst hjá aðalskuldara fyrir allri fjárhæðinni. Þau mál hafa stöðu í málaskránni og koma því fram í meðfylgjandi yfirliti.

Upplýsingarnar eru settar fram miðað við það ár sem mál um kyrrsetningu er stofnað. Umfjöllunin er takmörkuð við árin 2016-2020. Á þeim árum hafa eignir verið kyrrsettar fyrir kr. 3.465.981.087,- hjá aðalskuldara og fyrir kr. 665.569.561,- hjá skuldurum samkvæmt sjálfsskuldarábyrgð.

Kyrrsetningarmál árið 2021 eru sjö talsins og hafa verðmæti fyrir 1.115.246.763 kr. verið kyrrsett en ekki hefur gefist tími til að vinna frekari upplýsingar um þær.

Virðingarfyllst f.h. Skattsins

Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir, hdl.  
deildarstjóri lögfræðiiinnheimtu  
Innheimtu- og skráasvið

Kyrretningarmál eftir árum og stöðu mála	Aðalskuldari			Sjálfskuldarábyrgðaraðili		
	Fjöldi kyrretningamála	Heildarupphæð á kyrretningarbeiðni	Tryggt með kyrretningu hjá aðalskuldara	Fjöldi kyrretningamála	Heildarupphæð á kyrretningarbeiðni	Tryggt með kyrretningu hjá sjálfskuldarábyrgðaraðili
<b>2020</b>						
Kyrretning framkvæmd	13	1.484.259.698	874.333.361	6	265.450.000	98.422.059
Árangurslaus kyrretning	1	355.800.000	0			
Ekki kyrretsett vegna ábyrgðar				1	20.450.000	
Engar eignir til að kyrretsetja				1	15.000.000	
Kyrretningagerð endurupptekin, tryggt hjá aðalskuldara				1	329.400.000	0
<b>Samtals:</b>	<b>14</b>	<b>1.840.059.698</b>	<b>874.333.361</b>			<b>98.422.059</b>
<b>2019</b>						
Kyrretning framkvæmd	8	494.630.000	182.472.214	6	107.580.000	81.230.000
Ekki hætta á undanskoti	4	951.000.000				
Engar eignir til að kyrretsetja	4	88.800.000	0	1	10.400.000	
<b>Samtals:</b>	<b>16</b>	<b>1.534.430.000</b>	<b>182.472.214</b>			<b>81.230.000</b>
<b>2018</b>						
Kyrretning framkvæmd	14	2.132.750.000	558.478.972	7	352.750.000	273.787.578
Ekki kyrretsett vegna ábyrgðar				2	36.200.000	
Engar eignir til að kyrretsetja	4	3.303.500.000	0	2	870.000.000	
Fellt niður af SRS eftir kyrretningu, kyrretningu aflétt	1	114.600.000	0			
Afturkallað af SRS fyrir kyrretningagerð	1	55.000.000		2	342.000.000 <sup>1</sup>	
Kyrretning felld niður	2	161.200.000	0			

<sup>1</sup> Kyrretningarmál gagnvart ábyrgðarmönnum félags sem var undir gjaldþrotaskiptum. Af þeim sökum var kyrretning ekki beint að aðalskuldara.

Fulltryggt hjá aðalskuldara				2	35.500.000	
<b>Samtals:</b>	<b>22</b>	<b>5.767.050.000</b>	<b>558.478.972</b>			<b>273.787.578</b>
<b>2017</b>						
Kyrrsetning framkvæmd	15	1.901.890.000	1.623.861.540	5	164.129.924	164.129.924
Ekki hætta á undanskoti	3	700.000.000		7	1.008.763.808	
Ekki kyrrsett vegna ábyrgðar				2	33.760.015	
Engar eignir til að kyrrsetja	2	93.859.567	0	1	35.559.567	
Kyrrsetning felld niður	3	357.105.000	0	1	24.690.000	
<b>Samtals:</b>	<b>23</b>	<b>3.052.854.567</b>	<b>1.623.861.540</b>			<b>164.129.924</b>
<b>2016</b>						
Kyrrsetning framkvæmd	4	483.000.000	226.835.000	2	48.000.000	48.000.000
Ekki hætta á undanskoti	1	90.000.000				
Engar eignir til að kyrrsetja	2	307.900.000	0	1	106.500.000	
Afturkallað af SRS fyrir kyrrsetningargerð	1	61.500.000				
Kyrrsetning felld niður	1	135.000.000	0			
<b>Samtals:</b>	<b>9</b>	<b>1.077.400.000</b>	<b>226.835.000</b>			<b>48.000.000</b>